STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1976

5. janúar 1976. 1 Nr. 1.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður tolla af hráefnum til sælgætisframleiðslu í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vörulýsing
úr 11.08.09	Bragðlaus sterkja.
úr 15.12.03	Hert pálmakjarnaolía.
úr 17.02.03	Síróp í 25 kg pakkningum og stærri.
19.01.00	Maltextrakt.
úr 19.05.00	„Puffed rice“ og „Corn puffs“.
úr 21.07.09	Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Gelatin.
úr 38.19.19	„Invertase concentrate“ og Cremoru Super.

2. gr.

Niðurfelling tolla skv. 1. gr. er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Innflytjandi leggi stund á sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu

eða

b. Innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu, að varan verði eingöngu notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá sælgætisframleiðanda (framleiðendum) um að viðkomandi vörusending sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til framleiðslu á sælgæti eingöngu.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o.fl. til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 389 24. desember 1974 um sama efni svo og önnur þau fyrirmæli, er brjóta kunna í bága við auglýsingu þessa.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.